



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 13. júní 2019

USK2019010023

8.12

Borgarráð

### ***Endurgerð opinna leiksvæða 2019.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna endurgerðar opinna leiksvæða 2019. Kostnaðaráætlun 2 er 120 mkr.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í júní og verði lokið í september 2019.

Greinargerð:

Um er að ræða endurgerð leiksvæða við Berjaríma, Flétturíma, Hrísríma, Frostaskjól, Granaskjól og Öldugötu. Endurgerðin felur í sér landmótun, endurnýjun gróðurbeða, leiktækja og yfirborðsefna eftir þörfum. Áhersla er á öryggismál s.s. fallvarnarefni og bættu lýsingu og aðgengi fyrir alla.

Endurgerðin tekur mið af leiksvæðastefnu Reykjavíkurborgar og unnið er með hugmyndafræði snjallvæðingar.

Ofangreindar framkvæmdir mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðarstaður: 3108 (45 mkr.) og 7102 (75 mkr.).

Kostnaðaráætlun 2: 120 mkr.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds